

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 4. apríl 2000

um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna

(tilkynnt með númeri C(2000) 922)

(Texti sem varðar EES)

(2000/288/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾ einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mismunandi rannsóknir og námskeið bandalagsins sýna að rétt er að endurskoða uppbyggingu Animo netkerfisins til þess að unnt sé að innleiða dýraheilbrigðiskerfi sem samþættir margskonar tölvubúnað
- 2) Ákvörðun 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 1999/716/EB ⁽⁴⁾, ber að breyta til að tryggja áframhaldandi rekstur Animo netkerfisins.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi mgr. bætist við a-lið 2. gr. ákvörðunar 92/486/EBE:

„5. Fyrir tímabilið frá 1. apríl 2000 til 31. mars 2001 skulu samræmingaryfirvöldin, sem kveðið er á um í 1. gr., sjá til þess að samningarnir, sem um getur í þeirri grein, séu framlengdir um eitt ár.

Eftirfarandi gjald gildi að því er þessa málsgrein varðar:

386 evrur á einingu (móðureining, staðareining, skoðunarstöð á landamærum) fyrir allar Animo-einingar sem taldar eru upp í ákvörðun 2000/287/EB ^(*).

^(*) Stjttíð. EB L 98, 19.4.2000, bls. 12^{**}

2. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. apríl 2000.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 289, 11.11.1999, bls. 1.